

Stjórn Gígjunnar - símafundur miðvikudaginn 21.mars 2018 kl 18-18:45.

Mættar: Kolbrún Halldórsdóttir formaður, Hólmfríður Anna Aðalsteinsdóttir varaformaður, Astrid Sörensen gjaldkeri og Una Þórey Sigurðardóttir ritari.
Fjarverandi: Valgerður Hanna Úlfarsdóttir meðstjórnandi.

Fundarefni:

1. Fundur með Fjölís - niðurstöður og næstu skref.
2. Ný vefsíða Gígjunnar.
3. Afmæli Kvennakórs Suðurnesja.
4. Önnur mál.

1. Fjölís boðaði til fundar með stjórn Gígjunnar þann 28. febrúar til að ræða nýja samninga. Kolbrún, Astrid og Hólmfríður mættu fyrir hönd stjórnar á fundinn. Á fundinum voru kynntir og ræddir nýjir samningar milli aðildarkóra Gígjunna og Fjölís. Þrjár tillögur að samningi voru í boði og höfðu þær verið kynntar stjórn Gígjunnar. Stjórn Gígjunnar hefur tekið afstöðu til þessara samninga og lætur Fjölís vita um niðurstöðuna. Kolbrún sendir aðildarkórum samningstillöguna til skoðunar. Að lokum verður samningurinn lagður fyrir næsta aðalfund til samþykktar. Árið í ár verður greitt samkvæmt gamla samningnum.

2. Ný vefsíða Gígjunnar. Vinnan við síðuna er á lokastigi og stutt í að ný og endurbætt vefsíða birtist á skjáum. Kolbrún fínþússar og klárar að setja inn ýmsar upplýsingar og efni sem eru á gömlu síðunni. Hún er einnig búin að senda póst á aðildarkórana og biðja um stærri og betri myndir af kórnum. Stjórnin hefur aðgang að gömlu síðunni eins lengi og þörf er á.

3. Afmæli aðildarkóra. Það á eftir að gefa Kvennakór Suðurnesja gjöf vegna 50 ára starfsafmælis kórsins. Ákveðið er að panta fína tertu og færa þeim á æfingu. Astrid ætlar að sjá um þetta í samráði við stjórn Kvennakórs Suðurnesja.

Kvennakór Hornafjarðar heldur upp á 20 ára afmæli í vor og var ákveðið að gefa þeim konfekt af því tilefni.

Kvennakór Reykjavíkur á einnig afmæli, heldur upp á 25 ára starfsafmæli þann 5. maí.

Heklurnar fagna 15 ára afmæli í vor og fá senda kveðju frá Gígjunni þegar þar að kemur.

Stjórn Gígjunnar vill gjarnan koma á þeirri venju að Gígjan minnist merkis atburða hjá aðildarkórum á einhvern hátt, þó ekki sé nema með því að senda kveðju.

4. Önnur mál. Ekki er enn staðfest hvort skoðunarmenn hafi staðfest síðustu ársreikninga. Astrid sendi Guðlaugu Ásgeirsdóttur póst sem fyrst.

Innheimta félagsgjalda; Kolbrún ætlar að senda póst á aðildarkóra og biðja um fjölda kórfélaga svo hægt sé að rukka kórana um félagsgjöld.

Kynningar texti á ensku á nýju vefsíðunni. Rætt var um hvort hafa ætti smá texta um Gígjuna á ensku á nýju heimasíðunni. Fundarkonur eru sammála um að það gæti verið til bóta og auðveldað erlendum kórum að komast í samband við íslenska kvennakóra. Kolbrún ætlar vinna í málinu.

Einnig var rætt lítillega um geymslu og utanumhald skjala, svo sem bréfa og erinda sem hafa borist Gígjunni í gegn um tíðana. Spurning hvort hægt sé að hafa þessi skjöl aðgengilega á hinum nýja vef.

Að lokum, hugmyndin um nótnabókia er ekki gleymd en er enn á frumstigi.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 18:45.

Fundargerð ritaði Una Þórey Sigurðardóttir.